



## Hjörvi 50

### Vörunr. 8350

#### Lýsing

Hjörvi 50 (8350) er vatnsþynnanleg hálfgljáandi akrýlplastþeytumálning. Hjörvi er auðunninn, fljótþornandi og heldur lit og glans sérlega vel.

#### Notkun

Hjörvi 50 (8350) er ætlaður á galvanhúðað járn, litaðar járnklæðningar, ál og aðra léttmálma, bæði við ný- og endurmálun. Hjörvi 50 hefur einstaklega góða viðloðunareiginleika og hentar vel til að endurmála fleti sem áður voru málaðir með alkýðmálningu, akrýllakkmálningu eða hefðbundinni plastþeytumálningu.

#### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> NCS-litakerfi	<b>Þynnir:</b> Vatn
<b>Gljástig:</b> 70	<b>Áhaldahreinsir:</b> Vatn
<b>Pakkningar:</b> 1, 4 og 10 lítra	<b>Þurrktími:</b> 1-2 klst. (15 °C)
<b>Efnisnotkun:</b> 8-10 m <sup>2</sup> /l - 40-50 µm	<b>Yfirmálun:</b> Lágmark: 6 klst.
<b>Eðlisþyngd:</b> 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert
<b>Þurrefni:</b> 41 % (rúmmál)	

#### Undirmálun

Grunnið með Hemukrýl bitgrunni (1820), Hempalin menju (1320), Hempels sinkgrunni (1649), Hempels Unigrunni (1387), Hempadur Galvagripi (1555) eða Hempadur Epoxy grunni (1557), allt eftir aðstæðum hverju sinni.

#### Áhöld

Pensill, rúlla eða málningarsprauta. Sé notuð málningarsprauta skal þynna um 10-15 %.

## **Vinnutilhögun**

Fjarlægið fitu, valsaolíu, sót og önnur óhreinindi. Best er að nota Hempel olíuhreinsi (9933) og skola síðan með vatni, helst háþrýstipvotti (100-200 bör). Hvítaryð skal fjarlægt með vírbursta og háþrýstipvotti. Ef ryð er byrjað að myndast skal fjarlægja það með vélslípun eða vírburstun. Blettið í viðgerðina með Hempalin menju (1320) eða Hempels sinkgrunni (1649). Galvanhúð, ryðfrítt stál, ál og aðra léttálma skal grunna með Hemukrýl bitgrunni (1820), Unigrunni (1387) eða Hempadur Galvagripi (1555). Járn og mikið veðraða galvanhúð þarf að ryðverja og skal þá grunna með Hempadur Epoxy grunni (1557). Yfirleitt þarf ekki að grunna litaðar járnklæðningar nema ryð sé byrjað að brjótast út. Málið tvær umferðir með **Hjörva 50**.

## **Athugasemdir**

- Málið ekki með Hjörva 50 við lægra hitastig en 5-7 °C. Varasamt getur verið að mála seint að degi til og þegar von er á rigningu, dökk eða hitastigi undir 5 °C.
- Það er ekki æskilegt að málningin lendi í hitastigi undir 5 °C eftir málun fyrr en eftir a.m.k. einn sólarhring m.v. 20 °C eða tvo til þrjú sólarhringa m.v. 10 °C.
- Þurrk- og yfirmálunartími lengist við lægra hitastig.
- Full þvottheldni næst eftir 4 vikur.
- Málningin má ekki frjósa. Geymið málninguna við hitastig frá 4-30 °C.

## **Varúðarmerkingar**

Við venjulega vinnu með **Hjörva 50** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.